**239. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 20. júní 2022 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**2. 2204136 - Deiliskipulag Akratorgsreits - Laugarbraut 23**

Grenndarkynnt var viðbygging við Laugarbraut 23, þar sem byggt hæð ofan á eldri hluta hússins. Nýtingarhlutfall breytist úr 0,24 í 0,31.
Erindið var grenndarkynnt frá 25. apríl til og með 25. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreyting skv. grenndarkynningu verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B deild Stjórnartíðinda.*

**3. 2202173 - Deiliskipulag Krókalón - Vesturgata 61 breyting**

Umsókn um að stækka byggingarreit um 1 m til norðvesturs, nýtingarhlutfall hækkar úr 1,22 í 1,23.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði fyrir Vesturgötu 59A, Vesturgötu 59, Vesturgötu 63 og Vesturgötu 63A.*

**4. 2206045 - Deiliskipulag Sementsreitur - Sementsbraut 13 sameinig lóða**

Deiliskipulagsbreyting felst í sameiningu á lóðum C1-C2 í eina lóð og D1-D4 í eina lóð.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og fái málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr., skipulagslaga nr. 123/2010, enda varði breytingin ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.*

**5. 2203231 - Deiliskipulag Arnardalsreit - Skagabraut 43 - breyting bílaþvottastöð**

Tillaga að breytingu á Deiliskipulagi Arnardalsreits, þar sem gerður er byggingarreitur fyrir bílaþvottastöð.

*Byggingarfulltrúi víkur af fundi.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir eigendum við Háholt*

*32, Skagabraut 39 og 41.*

### 6. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekkubæjarskóli - Grundaskóli)

Endurgerð lóða við Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

*Björn Breiðfjörð Gíslason situr fundinn undir þessum lið.*

*Verkið var boðið út, engin tilboð bárust.*

*Farið var í samningaviðræður við Bergþór ehf, varðandi verkefnið. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi samning við Bergþór ehf., um hluta verksins. Starfsmenn Akraneskaupstaðar munu sjá um gróðursetningu á lóðunum. Samningsfjárhæð er kr. 37.116.300.*

### 7. 2201179 - Sorphirða á Akranesi - útboð 2017 - 2022

Framlenging á samningi um sorphirðu.

*Björn Breiðfjörð Gíslason, verkefnastjóri fer yfir stöðu mála.*

### 8. 2206073 - Innanbæjarstrætó - útboð

Opnuð voru tilboð í "Strætisvagnar á Akranesi 2022 -2029, föstudaginn 27. maí 2022.
Eftirfarandi tilboð bárust:

Hópferðabílar Reynis Jóhannssonar kr. 307.125.000
Skagaverk kr. 317.961.490
Vestfirskar ævintýraferðir kr. 467.425.000

Kostnaðaráætlun kr. 300.000.000

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að leitað verði samninga við lægstbjóðanda.*

### 9. 2206126 - Götur endurgerð 2022

Viðhald gatna 2022

*Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:*

*Emkan ehf., kr. 124.200.400*
*Þróttur ehf., kr. 129.193.800*
*Kostnaðaráætlun kr. 95.297.000*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.*

### 1. 2205072 - Vesturgata 81 breyting úti pallur frá 2. hæð - umsókn um Byggingarheimild umfangsflokkur 1

Umsókn um byggingarleyi á 60m2 svölum.

*Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi situr fundinn undir næstu liðum.*

*Skiplags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa frekari vinnslu málsins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**